

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna Svínhóla.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. desember 2020 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn 8. október 2020.

Í breytingunni felst að landbúnaðarlandi í landi Svínhóla er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu (VP49). Á svæðinu er m.a. gert ráð fyrir hóteli fyrir 203 gesti, 20 íbúðarhúsum, starfsmanna-aðstöðu og fleiri þjónustubyggingum sem tengjast hótelfstarfseminni. Jafnframt er sett fram stefna um vatnsból og vatnsverndarsvæði, skógrækt og legu háspennustrengs frá aðveitustöð á Hólum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 3. desember 2020.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2020